


Bt. Heimastjórn Djúpavogs

Eftir að hafa bæði dvalið á Djúpavogi og síðan unnið að skipulagsverkefnum þar í bæ, hafa sprottið fram nokkrar hugmyndir. Þegar auglýst var svo eftir hugmyndum, mátti ég til með að senda ykkur tvær tillögur að nýjum dvalarsvæðum á nýja strandstígnum (frá Djúpavoginum að eggjunum við Innri-Gleðivík). Útfæra þyrfti þessar hugmyndir svo nánar ef áhugi er fyrir.

## Dvalarsvæði í námunda við Eggjun í Innri-Gleðivík

Nýtt dvalarsvæði við upphaf gönguleiðarinnar að Eggjunum við Innri-Gleðivík. Markmið dvalarsvæðisins er að stuðla að bættu umferðaröryggi, bjóða gestum að staldra við og upplifa svæðið, veita gestum upplýsingar, styrkja aðdráttaraflíð sem Eggjun í Gleðivík eru og marka upphaf þess.

Útbúa þyrfti netta landfyllingu út í Innri-Gleðivík til þess að koma fyrir dvalarsvæðinu til þess að þar gætu hópar safnast saman á afmörkuðu svæði réttu megin við Víkurland. Til þess að stuðla að því að óvarðir vegfarendur standi úti á götu. Á dvalarsvæðinu væri hægt að koma fyrir bekk, skjólvegg og upplýsingaskilti. Þá væri tilvalið að forma dvalarsvæðið í egg eða sporeskjulaga form. Hægt væri að hafa skjólvegginn úr veglegum lerki staurum, sem væri raðað hlið við hlið lóðrétt og fengju að veðrast (sjá myndir).



## Dvalarsvæði - Bryggjuhúsið

Nýtt dvalarsvæði sem staðsett yrði á strandstígunum í námunda við hafið. Markmið dvalarsvæðisins að skapa upplifun og skjól, stuðla að öryggi óvarinna vegfarenda og vera áhugavert kennileiti. Stíll dvalarsvæðisins væri með sögulega skírskotun þar sem útlit þess væri í anda bryggjuhúss. Á dvalarsvæðinu gætu gestir staldrað við, horft út á sjó eða lagst niður og horft upp í himinn.

Hugmyndin er að útveggir bryggjuhússins yrðu úr timbri en samt þannig að töluvert bil sé á milli fjala til þess að draga úr vindhraða og til þess að skapa áhugavert inn- og útsýni. Húsið væri með þremur útveggjum, með því móti yrði útsýni út á hafið rammað inn þegar fólk dvelur inni í húsinu. Þak hússins væri gegnsætt t.d. úr gleri eða plexigleri. Þá myndi strandstígurinn liggja í gegnum húsið til þess að skapa áhugaverða upplifun þegar strandstígurinn er genginn (sjá mynd). Þá er gert ráð fyrir að inn í húsinu yrðu varanlegir dvalarþekkir.



*Kær kveðja*

*Anna Katrín Svavarsdóttir*